

Egilsstaðaskóli

Fundur skólaráðs 26. febrúar 2026

Fundur hófst kl. 17:00

Mættir: Viðar skólastjóri sem stjórnar fundinum, Fjóla Hrafnkelsdóttir, (fulltrúi kennara) sem ritaði fundargerð, Jón Magnússon fulltrúi kennara, Ragna Sif Sigurdórsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna, Bylgja Borgþórsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Elsa Arney Helgadóttir og Eyrún Hrefna Helgadóttir fulltrúar foreldra úr foreldrafélaginu, Líska Leifsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Gígja Rún Viðarsdóttir og Rakel Wium fulltrúar nemenda. Aðrir gestir voru:

Borgþór Geirsson, Sindri Óskarsson, Katrín Högnadóttir, Sigrún Blöndal, Hrönn Magnúsdóttir, Kolbjörg Benediktsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir, Hafliði Magnússon.

1. Nýtt foreldrafélag

Nýtt foreldrafélag Egilsstaðaskóla er sem hér segir:

Elsa Arney Helgadóttir formaður.

Gyða Sigurðardóttir

Hlín Stefánsdóttir

Sandra Björk Sverrisdóttir

Eyrún Hrefna Helgadóttir

Saga Jóhannsdóttir, varamaður

Berglind Hönnudóttir, varamaður

2. Fréttir úr skólastarfinu

Frá síðasta fundi skólaráðs.

- Umsjónardagur í 1. – 10. bekk var 19. janúar. Gekk vel og var skipulagður í samráði við Vöndu Sigurgeirsdóttur.
- Árshátíð 5. – 7. bekkjar var haldin 5. febrúar fyrir fullu húsi þar sem Skilaboðaskjóðan var sýnd. Árshátíðin þótti takast einstaklega vel.
- Öskudagurinn gekk vel. Þá hittust m.a. vinabekkir. Yngstu börnin fóru í íþróttahúsið o.fl.

Framundan fram að næsta fundi í skólaráðs.

- Útivistardagur í 5. – 10. bekk. Val um að fara á skíði/bretti eða í verkefni hjá Náttúruskólanum við Blöndalsbúð.
- Árshátíð 3. – 4. bekkjar er 5. mars. Kardimommubærinn verður sýndur.
- Starfsdagur 9. mars.
- Nemendastýrð viðtöl 10. mars.
- Umsjónardagur í 8. – 10. bekk er 12. mars.
- Stóra upplestrarkeppnin (Héraðshátíð) er 16. mars.
- Árshátíðin í 1. og 2. bekk verður 19. mars. Kardimommubærinn verður sýndur.
- Útivistardagur í 1. og 4. bekk verður 10. apríl.
- Opið hús 22. apríl. Fræðsluferð starfsfólks Egilsstaðaskóla.
- Næsti fundur í skólaráði verður 29. apríl og þá verður skóladagatalið lagt til samþykktar.

3. Matsferill

Sigrún Blöndal og Hrönn Magnúsdóttir kynntu framkvæmd Matsferils við Egilsstaðaskóla.

Fyrirlagnartímabil stöðu- og framvinduprófa er frá 2. - 27. mars. Tímasetningar prófanna eru eftirfarandi:

Árgangur	Lesskilningur		Stærðfræði	
	Dags.	Kl.	Dags.	Kl.
4.bekkur	Þriðjudagur 17. mars	8.50 – 10.10	Þriðjudagur 24. mars	8.50 – 10.10
5.bekkur	Miðvikudagur 18. mars	10.50 – 12.10	Miðvikudagur 25. mars	10.50 – 12.10
6.bekkur	Fimmtudagur 12. mars	9.00 – 10.20	Fimmtudagur 5. mars	9.00 – 10.20
7.bekkur	Miðvikudagur 11. mars	9.00 – 10.20	Fimmtudagur 19. mars	10.50 – 12.10
8.bekkur	Miðvikudagur 11. mars	10.50 – 12.10	Miðvikud. 4. mars	10.50 – 12.10
9.bekkur	Mánudagur 2. mars	9.30 – 10.50	Fimmtudagur 19. mars	9.00 – 10.20
10.bekkur	Miðvikudagur 4. mars	9.00 – 10.20	Miðvikudagur 18. mars	9.00 – 10.20

Undanþágubeiðnir eru unnar af deildarstjórum í samráði við umsjónarkennara. Tengiliður tæknimála, Hrefna Hlín, annast undirbúning þess sem snýr að tæknimálum s.s. tækja- og netprófum. Deildarstjórar (HM & SB) annast annan hagnýtan undirbúning. Nemendur sem þreyta prófin fara ekki í tónlistartíma eða annað uppbrot á prófatíma.

4. Kynning á viðbragðsáætlun vegna erfiðra samskiptamála og eineltis

Sigrún Blöndal kynnir og fjallar um samskiptamál almennt og hversu flókin þau geta verið innan skólasamfélags. Í framhaldi af því kynnir hún á viðbragðsáætlun vegna erfiðra samskiptamála og eineltis.

5. Skóladagatal næsta skólaárs – drög

- Sameiginlegur starfsdagur í Múlaþingi.
- Haustfrí á sama tíma og spannarfrí í ME.
- Sameiginlegir starfsdagar milli skóla og leikskóla.
- Sterkir hópar.
- Foreldrasamstarf.

Athugasemdir við drög af skóladagatali:

- Ánægja með að skólinn hefjist í miðri viku á næsta skólaári.
- Athugasemd um að dagurinn sem er skilgreindur sem Foreldrasamstarf sé á mánudegi, það séu dagar sem fólk gæti verið upptekið eða ekki á staðnum.
- Nemendaviðtalsdagur: Foreldrar og nemendur almennt mjög sátt með þann dag, það sé gott að ná tengingu við kennara strax og fá tengingu. Kennari telur að það skipti ekki síst máli þegar nemendur eru að fá nýja kennara að hittast þannig að það sé mögulega hægt að ná smá tengingu.
- Reyna að dreifa starfsdögum, styttri dögum og uppbrotsdögum á skólavikurnar. Það getur verið erfitt að halda uppi kennslu hina daga vikunnar við slíkar aðstæður.

- Ánægja með nýtt nafn á umsjónadaga með því að kalla dagana Sterka hópa, það gefur betri mynd af því hvað á að fara fram, að gera bekkjarhópana sterka félagslega.

6. Önnur mál

Viðar vekur máls á nemendagrunn (Nemendagrunnur) sem er nýtt kerfi sem er inn á Ísland.is. Þarna er meðal annars skólaþjónustan sem sér t.d. um það þegar foreldrar sækja um skólavist fyrir börn sín og þegar foreldrar vilja sækja um tilfærslu á skólavist nemenda.

Fundi slitið kl. 18:30.